



## Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Fyrir 1000 árum sigldi íslensk kona, Guðríður Þorbjarnardóttir, vestur um haf og bjó um hríð í álfunni sem íslenskir landkönnuðir nefndu Vínland en síðar hlaut heitið Ameríka.

Hún ól þar soninn Snorra – fyrsta barnið af evrópskum uppruna sem fætt var í Ameríku – og naut fegurðar og góðra landkosta í hinum nýju heimkynnum. Guðríður hélt síðan aftur til Íslands, fór þaðan til Rómar, háborgar heimsins og kristinnar á þeirri tíð, og lauk ævi sinni í kristilegri tilbeiðslu á sveitabæ í einum fegursta firði Íslands.

Guðríður Þorbjarnardóttir var tvímælalaust fremsti kvenlandkönnuður veraldarsögunnar, fyrsta konan sem gisti bæði Ameríku og Róm, nær fimm öldum áður en Columbus fór í sína frægu för.

Þessi íslenska kona var ekki aðeins sókndjarfur siglari; á fyrstu 500 árum þessa árpúsunds tvímælalaust víðförlasta manneskja gervallar heimsbyggðar. Guðríður var einnig mögnuð söngkona og í fornum sögum Íslendinga sem skráðar voru á 13. öld er lýst tilþrifamiklum söngdansi hennar.

Það er því við hæfi um 1000 árum eftir söngferð Guðríðar Þorbjarnardóttur til Ameríku fari glæsilegasti kvennakór Íslands í heimssókn á þessar fornu slóðir og gleðji íbúa Boston, New York og Washington með frábærri list sinni.

Kvennakór Reykjavíkur er orðinn eitt tilkomumesta hljóðfæri Íslendinga og hrífandi vitnisburður um þá sköðunargleði og lífsorku sem einkennt hefur íslenskar konur í meira en 1000 ár.

Ég óska vinum okkar í Ameríku góðrar skemmtunar og vona að með ljúfum og sterkum tónum hinnar hrífandi söngsveitar leiti hugurinn til fornrar ættmóður sem í upphafi þessa árpúsunds gerði álfuna miklu að fósturjörð frumburðar síns.

(undirritun)